

# Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps 23.3.2015 kl. 15:00

**Mætt:** Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Dagný B. Reynisdóttir (staðgengill Geirs Sigurpáls Hlöðverssonar, Alcoa Fjarðaál), Else Möller (Austurbrú), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Marinó Stefánsson (Fjarðabyggð), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú), sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

1. Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins
2. Önnur mál

1.

- DBR athugar með fulltrúa Alcoa Fjarðaáls til að setja fundinn. Gott væri að sá sem setur fundinn tengi aðeins efnahagsmál við sjálfbærni.
- Samkvæmt hefðinni ætti Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri Fjarðabyggðar að vera fundarstjóri en hann kemst ekki þennan dag og vísar á staðgengil. Tillaga Páls samþykkt.

FBE kom á fundinn

- Jón Skafti Gestsson hagfræðingur og Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri Fljótsdalshéraðs hafa samþykkt að flytja erindi á fundinum. Tillaga Landsvirkjunar um að fá til viðbótar fulltrúa atvinnulífsins sem gestafyrirlésara samþykkt. Nokkur nöfn voru nefnd og rætt að huga þyrfti að kynjahlutfalli fyrirlesara. SV/GÁJ senda tillögur á hópinn og umræðan kláruð í tölvupósti eigi síðar en 31. mars.
- Rætt hvort verkefnið ætti að skipuleggja dagskrá og veitingar í kringum fundinn fyrir þá sem koma að með flugi snemma um morguninn. Niðurstaðan að svo væri ekki.
- Á vinnufundi stýrihóps 22. janúar var umfjöllun um breytingatillögur á efnahagsvísu ( 3.1d, 3.2 og 3.4) frestað fram yfir ársfund. Samþykkt að ræða þessa vísa í vinnuhópum og taka svo ákvörðun eftir fundinn. Samþykkt að kalla eftir gögnum og uppfæra vísana fyrir árið 2014 eins og hingað til.
- Samþykkt að biðja fundarstjóra um að sjá um stutta samantekt á efni fundarins áður en fundi verði slitið.

2.

- Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 15:45